

**Nr. 085/ 09 Geir KE 1*****Fær veiðarfæri í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 1321  
Smíðaður: Vestnes Noregi, 1968  
Stærð: 161,7 brl. 242,4 bt.  
Mesta lengd: 33,86 m Skráð lengd: 31,35 m  
Breidd: 6,4 m Dýpt: 5,7 m  
Vél: Caterpillar 526 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 7



Geir©Hafþór Hreiðarsson

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 2. nóvember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 14. júlí 2009 var Geir KE 1 á dragnótarveiðum austur af Stokksnesi. Veður: Logn.

Skipverjar voru að kasta þegar sleppikrókur festist í seinni væng nótarinnar. Til að fá slaka til að losa hann þurfti að bakka en þá lagðist nótin undir skutinn og fór í skrúfuna. Skipstjóri óskaði eftir aðstoð og björgunarskipið Ingibjörg var send á staðinn til að draga Geir KE til Hornafjarðar.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.